

1867.

3. júní.

2. Fossvellir í Jökulsárhlíð;
3. Kóreksstaðir með hjáleigunum Kóreksstaðagerði og Hjalla;
4. Búlandsnes með hjáleigunum Bjargarrétt og Borgargerði; og
5. Keldunúpur á Síðu

skuli við leiguliðaskipti byggjast eins og aðrar jarðir fyrir ákveðið afgang, er renni í sveitarsjóð þann, sem í hlut á; en að ómagahaldið, sem á þeim hefir hvílt, skuli með öllu aftekið, og að umsjón og byggingarráð greindra kristfjárjarða skuli falið á hendur hlutaðeigandi sveitarstjórn undir yfirsýslu sýslumanns og amtmanns.

Þetta birtist hér með öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

3. júní.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1865 og 1866.

Með bréfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju almennu lagaböð m. m., sem út hefir komið í Danmörku á árunum 1865 og 1866, svo að alþingi gefist tækifæri til á næsta fundi að íhuga, hvort við eigi að löggilda nokkurt af lagaböðum þessum á Íslandi. Jafnframt og þess skal getið um lög 14. aprílmán. 1865, um að útlendum skipum skuli gefinn kostur á að vera höfð til vöruflutninga innanlands, um hin almennu borgaralegu hegningarlög 10. febrúarmán. 1866 og um lög 16. s. m. um afpláun sekta utan sakamála, að þegar er búið að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að samsvarendi lagafrumvörp verði lögð fyrir alþingi, eins og yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni ekki finnst fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja

nein önnur af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvörp
samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarmán. 1861.

1867.
3. júní.

**25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska
bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til
að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.**

3. júní.

Samkvæmt bræfi dómsmálastjórnarinnar 23. aprílmán. 1864
skal það hér með kunngjört Deild hins íslenska bókmentafélags
í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu 150 rd.
styrk til að halda úfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni
Íslands“, og hefir í dag verið hlutast um, að fê þetta verði
greiðt fêhírdi deildarinnar, Stephensen etazráði, úr aðalfêhirzlu
ríkisins.

**26. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins
yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og
prestaekkjum á Íslandi.**

8. júní.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er
bárust stjórnarráðinu með bræfi yðar 30. aprílmán. þ. á., um
það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í
fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fútækum uppgjafa-
prestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt
þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern
prest og prestaekku um sig:

Uppgjafapresti Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi	15 rd.
— Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Stadarhrauni	55 —
— Jóni Sigurðssyni frá Söndum	60 —
— Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum	15 —
Prestaekku Arnbjörgu Jóhannesdóttur	10 —
— Helgu Jónsdóttur	30 —
— Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal	20 —